



## **Klofningsvegur (590) í Dalabyggð** Vestfjarðavegur (60) - Kýrunnarstaðir

Kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskyldu

---

Hönnunardeild og Vestursvæði Vegagerðarinnar – mars 2023



# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>2</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>4</b>
<b>1 Yfirlit</b> .....	<b>6</b>
1.1 Almennit.....	6
1.2 Markmið framkvæmdar.....	6
1.3 Matsskylda.....	6
1.4 Afmörkun og áhrifasvæði framkvæmdar.....	6
1.5 Rannsóknir.....	7
1.6 Staða skipulags.....	7
1.7 Verndarsvæði.....	9
1.8 Lög og leyfisveitendur.....	12
<b>2 Staðhættir á framkvæmdasvæði</b> .....	<b>13</b>
2.1 Staðhættir.....	13
2.2 Núverandi vegur.....	14
2.3 Samgöngur, umferðaröryggi og mengun.....	17
<b>3 Kostir og framkvæmdalýsing</b> .....	<b>18</b>
3.1 Kostir.....	18
3.2 Framkvæmdalýsing.....	18
3.2.1 Nýr vegur.....	18
3.2.2 Efnispörf.....	19
3.2.3 Efnistaka.....	19
3.2.4 Ræsi.....	21
3.3 Frágangur.....	21
3.4 Vinnubúðir og aðstaða verktaka.....	22
3.5 Mannafloppörf.....	22
3.6 Lagnir.....	22
3.7 Framkvæmdatími og kostnaður.....	22
3.8 Rekstur.....	22
<b>4 Umhverfis- og framkvæmdaþættir</b> .....	<b>24</b>
4.1 Þættir sem líklega valda umhverfisáhrifum.....	24
4.1.1 Vegagerð.....	24
4.1.2 Efnistaka.....	24
4.2 Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum.....	24
<b>5 Möguleg umhverfisáhrif</b> .....	<b>25</b>
5.1 Mannlíf, útivist og ferðaþjónusta.....	25
5.2 Landnotkun.....	26
5.3 Heilsa og öryggi.....	26
5.4 Verndarsvæði.....	27
5.5 Landslag og ásýnd.....	27
5.6 Jarðmyndanir og vatnafar.....	28
5.7 Gróðurfar.....	28
5.8 Dýralíf.....	29
5.9 Laxfiskar og veiði.....	30


5.10 Fornleifar .....	31
5.11 Veður og náttúruvá .....	32
<b>6 Mótvægisáðgerðir .....</b>	<b>33</b>
6.1 Samráðsaðilar .....	34
<b>7 Niðurstaða .....</b>	<b>35</b>
<b>8 Heimildir .....</b>	<b>36</b>
<b>9 Teikningar.....</b>	<b>37</b>
<b>10Fylgiskjöl.....</b>	<b>38</b>

Loftmynd á forsíðu frá Loftmyndum ehf.  
Hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

## Formáli

Vegagerðin kynnir hér fyrirhugaðar framkvæmdir á rúmlega 8,3 km löngum kafla á Klofningsvegi (590), milli Vestfjarðavegar (60) og Kýrunnarstaða í Hvammssveit í Dalabyggð. Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar.

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.



### ↑ Staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis í Hvammssveit.

Fyrirhuguð framkvæmd á sér nokkurn aðdraganda þar sem Dalabyggð hefur um árabil óskað eftir því að Klofningsvegur verði lagður klæðingu. Einnig hafa íbúar og hagsmunaaðilar á Fellsströnd og Skarðsströnd í Dalabyggð skorað á Vegagerðina að ráðast í úrbætur.

Þann 2. apríl 2020 sendi sveitarstjórn Dalabyggðar frá sér eftirfarandi yfirlýsingu;

„Sveitarstjórn Dalabyggðar skorar á Vegagerðina að hefja lagningu bundins slitlags á Klofningsveg nr. 590 sumarið 2020 og skilgreina það sem tilraunaverkefni á landsvísu við að leggja bundið slitlag á malarvegi með sem minnstum hönnunarkostnaði. Klofningsvegur er lengsti samfelldi tengivegurinn í Dalabyggð og hefur um langt árabil verið sveltur varðandi fjármuni til viðhalds. Vegurinn er nauðsynleg samgönguæð í Dalabyggð og bundið slitlag getur orðið vítamínssprauta fyrir eflingu byggðar á Fellsströnd og Skarðsströnd. Nýverið var vegurinn skilgreindur sem hluti af Vestfjarðaleið, nýrri ferðaleið um Dalí, Vestfirði og Strandir.“

Eftir aukin fjárframlög ríkisins í tengivegasjóð er fyrsti hluti Klofningsvegur kominn á framkvæmdaáætlun 2023-2024 og er undirbúningur þeirrar framkvæmdar kynntur hér.

Benda má á að undanfarin ár hefur verið unnið að, með fjárveitingu úr tengivegasjóði, að koma bundnu slitlagi á Laxárdalsveg nr. 59 milli Hrutafjarðar í Húnaþingi Vestra og Hvammsfjarðar í Dalabyggð.

Við undirbúning slíkra framkvæmda er reynt að miða við lágmarksaðgerðir, sé þess kostur, og að vegir séu byggðir upp sem mest eftir núverandi vegi og með því móti hægt að lágmarka framkvæmdakostnað við að koma bundnu slitlagi á tengivegi. Jafnframt er leyft að víkja frá kröfum um hæðar- og planlegu veggönnunarreglna en uppfylla þarf kröfur um öryggissvæði, eða setja vegrið.

# 1 Yfirlit

---

## 1.1 Almennt

Fyrirhugað er að endurbyggja Klofningsveg, vegnúmer 590, á kaflanum milli Vestfjarðavegar (60) og Kýrunnarstaða í Hvammssveit og setja á hann klæðingu (sjá teikningar 1-4).

Núverandi vegur er fremur mjór malarvegur og með slæma hæðarlegu.

Áætluð efnispörf endurbyggðs vegar er um 123 þús. m<sup>3</sup> og er efnistaka að mestu fyrirhuguð úr skeringum meðfram vegi, en það sem upp á vantar verður sótt úr námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Vegagerðin áætlar að vegurinn verði endurbyggður á árunum 2023-2024 og framkvæmdum við vegkaflann verði lokið haustið 2024.

Kostnaðaráætlun er 530 millj. kr og er framkvæmdin fjármögnuð af tengivegasjóði.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

## 1.2 Markmið framkvæmdar

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur við Hvammsfjörð, auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari samgöngum í Dalabyggð. Vegurinn verður hærri og breiðari en núverandi vegur, með bundnu slitlagi, bættum sjónlengdum og öruggum hliðarsvæðum.

Ekki er um eiginlega styttingu að ræða heldur fyrst og fremst vegabætur til að auka umferðaröryggi og efla byggð á svæðinu.

## 1.3 Matsskylda

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, viðauka 1, tölulið 10.08 og viðauka 2, tölulið 2iic,:

- „Lagning nýrra vega eða enduruppbygging eða breikkun vega utan þéttbýlis sem ekki eru tilgreindir í tölulið 10.06 eða 10.07 sem eru a.m.k. 5 km.“
- „Svæði innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar.“

## 1.4 Afmörkun og áhrifasvæði framkvæmdar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði vegar, vegtenginga og náma er í landi Ásgarðs, Leysingjastaða, Hóla og Skerðingsstaða, Hofakurs, Skarfsstaða og Kýrunnarstaða í Hvammssveit, Dalabyggð.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, vegna bættra og öruggari samgangna, nær til allra sem leið eiga um Klofningsveg á þessum kafla.

Framkvæmdin afmarkast af byggingu vegarins og efnistöku. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer undir vegagerð er á rúmlega 8,3 km kafla.

Klofningsvegur er tengivegur og er veghelgunarsvæði hans 30 m breitt og nær 15 m út frá miðlínu til hvorrar handar. Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar verður að mestu innan veghelgunarsvæðis en á nokkrum stuttum köflum liggur það utan þess vegna stórra skeringa. Vegurinn verður þó að mestu lagður á fyllingu en hannaðar skeringar verða á nokkrum stöðum meðfram honum vegna lagfæringa á hæðarlegu. Þær stærstu verða milli stöðva 2170-2600, 2960-3330 og 5250-5440. Á þessum stöðum má gera ráð fyrir að framkvæmdasvæðið verði milli 20-40 m breitt. Þá er gert ráð fyrir útvíkkaðri skeringu í krappri beygju utan við Hofakur milli stöðva 4820-4960. Á þeim stað verður framkvæmdasvæðið um 60 m breitt og mun ná rúmlega 30 m út fyrir veghelgunarsvæðið ofan vegar.

Væntanalegur verktaki mun e.t.v. þurfa að útbúa athafnasvæði til bráðabirgða og á einstaka stað getur þurft að fara út fyrir framkvæmdasvæðið til að geyma efni tímabundið. Verður það gert í samráði við landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst, mótvægisáðgerðum verður beitt og haft samráð við ýmsa aðila. Almenn er gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og verður það tilgreint í útboðsgögnum.

Rekstur mannvirkisins og viðhald tekur við eftir að framkvæmd lýkur.

## 1.5 Rannsóknir

- Unnið hefur verið að efnisrannsóknnum á framkvæmdasvæðinu vegna efnistöku.
- Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið veglínuna og þversniðsmælt hana auk þess sem jarðtæknirannsóknir hafa farið fram. Gerðar hafa verið falllóðsmælingar á núverandi vegi.
- Minjavörður Vesturlands hefur kannað fyrirhugað framkvæmdasvæði m.t.t. fornminja.

Ekki er talin þörf á frekari rannsóknnum vegna fyrirhugaðrar vegagerðar.

## 1.6 Staða skipulags


Fyrir liggur tillaga að nýju Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032. Allur auglýsinga- og athugasemdatími er liðinn og aðeins er eftir að fá staðfestingu ráðherra. Ráðgert var að skipulagið tæki gildi í byrjun árs 2023 og því er miðað við það hér.

Eftirfarandi upplýsingar eru úr greinargerð tillögu að nýju aðalskipulagi;

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur um landbúnaðarsvæði. Á því eru skilgreindar tvær námur sem eru merktar inn á aðalskipulagsuppdrátt með rauðum hringjum, þ.e. náma **E-43** í landi Hóla og náma **E-44** í landi Skarfsstaða, sjá mynd 1.1.

Í landi Hóla er skilgreint afþreyingar- og ferðamannasvæði (**AF-2**) sem merkt er á skipulagsuppdrætti með bleikum hring. Um er að ræða 5 ha svæði; Hólar Farm – dýragarður.

Í landi Skerðingsstaða er skilgreint 15 ha svæði neðan núverandi vegar undir frístundahúsabyggð (F-26) og afmarkað með fjólublárrí þekju á mynd 1.1. Eitt hús er þar í dag en gert er ráð fyrir allt að 15 frístundahúsum í skipulagsákvæðum aðalskipulagsins.



↑ Mynd 1.1.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032, Aðalskipulagsuppráttur – Tillaga 2 (Dalabyggð og Verkís, 2022).

Tvö vatnsverndarsvæði eru við eða nærri Klofningsvegi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Annars vegar grannsvæði (VG-4) í landi Hóla, hins vegar grannsvæði (VG-19) í landi Hofakurs, Skarfsstaða og Kýrunnarstaða. Þau eru afmörkuð með svörtum láréttum línunum á mynd 1.1.. Sjá nánari umfjöllun í kafla 1.7 um verndarsvæði.

Í landi Hvamms er Hvammskirkja, og Hvammskirkjugarður, (S-9) skilgreind sem þjónustustofnun og sýnd á mynd 1.1. með appelsínugulum hring.



## 1.7 Verndarsvæði


### Verndarsvæði Breiðafjarðar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í grennd við verndarsvæði Breiðafjarðar, en það liggur hvergi innan þess, sjá mynd 1.2.

Eyjar og fjörur Breiðafjarðar eru verndaðar með lögum nr. 53/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

Breiðafjarðarnefnd er umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til ráðgjafar um allt það er lítur að framkvæmd laganna.

Í gildi er Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 en hafin er vinna að gerð nýrrar verndaráætlunar fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.



#### ↑ Mynd 1.2.

Verndarsvæði Breiðafjarðar í Hvammsfirði afmarkað með strikálínum (Kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands, 2022).

### Svæði á Náttúruminjasrá

Ekkert svæði í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er á náttúruminjasrá.

### Tillögur á B-hluta náttúruminjasrá

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tilnefnt Breiðafjörð til B hluta náttúruminjasrár 2018 vegna fjöruvistgerða, fugla og sela. Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur utan þess svæðis.

### Hverfisverndarsvæði

Ekkert svæði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er hverfisverndað en í nágrenni þess er svæði sem er hverfisverndað, sjá myndir 1.1. og 1.3.;

- **HV6 - Laugar í Hvamssveit** (um 1225 ha). Sérstætt landslag og jarðmyndanir, áhugavert útivistarsvæði.<sup>1</sup>

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur í góðri fjarlægð frá því.

### Vatnsverndarsvæði og vatnsból

Vatnsverndarsvæði eru svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem verndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (**VG**) og hins vegar fjarsvæði (**VF**) sbr. reglugerð um neysluvatn, sjá myndir 1.1. og 1.3.

Í tillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 eru tvö grannsvæði vatnsverndar í grennd við veginn. Þau eru: **VG-4 Laugar** og **VG-19**

**Breiðabólsstaðafjall**. Jaðar vatnsverndarsvæðanna liggur ofan núverandi vegar og utan veghelgunarsvæðis hans.


Grannsvæði vatnsverndarsvæðis **VG-4 Laugar** er 201 ha að stærð og liggur ofan núverandi vegar milli stöðva 1950-2550 í landi Skerðingsstaða. Á því svæði er

<sup>1</sup> Dalabyggð og Verkís, 2022.

fyrirhuguð nokkuð stór skering ofan og neðan vegarins, vegna lagfæringar á hæðarlegu hans. Fyrirhugað framkvæmdasvæði mun þó hvergi fara inn fyrir skilgreindan jaðar vatnsverndarsvæðisins.

Grannsvæði vatnsverndarsvæðis **VG-19 Breiðabólstaðafjall** er 1267 ha stórt og liggur ofan núverandi vegar milli stöðva 6000-6900 eða á rúmlega 1 km löngum kafla í landi Skarfsstaða. Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur alls staðar utan við jaðar þess.

Á mynd 1.3. sjást verndarsvæði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði samkvæmt tillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032.



↑ Mynd 1.3.

Yfirlitsmynd af verndarsvæðum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ljósbláar strikálínur afmarka grannsvæði vatnsverndar. Hvítir hringir eru friðlýstar fornminjar. Dökkgrænar skálínur afmarka verndarsvæði Breiðafjarðar og ljósgrænar skálínur afmarka hverfisverndarsvæði.

Í skipulagsákvæðum aðalskipulagsgreinagerð um vatnsvernd og vatnsból segir:

*„Á grannsvæði er notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla slíkra efna bönnuð. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.“<sup>2</sup>*

<sup>2</sup> Dalabyggð og Verkís, 2022. Bls.186.

Í aðalskipulagsgreinargerð kemur einnig fram að til að ná settum markmiðum um vatnsvernd sé mikilvægt að beina framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum í samvinnu við heilbrigðiseftirlit svæðisins.<sup>3</sup>

### Minjavernd


Friðlýstar fornminjar eru í landi Skerðingsstaða (**MV-22**) og Hvamms (**MV-20**) og eru svæðin skilgreind með skáletruðum hringjum á aðalskipulagsupprætti, sjá umfjöllun í kafla 5.10. og meðfylgjandi teikningar.

### Sérstök vernd náttúruframbæra

→Í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja <https://serstokvernd.ni.is/> kemur fram að tvö lítt röskuð votlendissvæði, stærri en 2 ha og meira en 200 m frá skurðum á láglendi, liggja við - eða nærri núverandi Klofningsvegi, sjá mynd 1.4. Annars vegar votlendissvæði ofan vegarins í landi Skerðingsstaða milli stöðva 2300-2900. Hins vegar votlendissvæði beggja vegna vegarins milli stöðva 5000-6000 í landi Skarfsstaða. Þau njóta verndar skv. 61 gr. laga um náttúruvernd 60/2013.

→ **Mynd 1.4.**

Sérstök vernd á fyrirhuguðu framkvæmda-svæði. Appelsínugulir flákar eru votlendissvæði stærri en 2 ha og meira en 200 m frá skurðum á láglendi (Kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands, 2022).



<sup>3</sup> Dalabyggð og Verkís, 2022a.

## 1.8 Lög og leyfisveitendur

Fyrirhuguð framkvæmd er háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdaleyfi Dalabyggðar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.
- Starfsleyfi fyrir tímabundna aðstöðu, t.d. verktakaaðstöðu og starfsmannabúðir frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands 5. gr reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Sækja þarf um starfsleyfi heilbrigðiseftirlits ef mötuneyti verður sett upp í tengslum við framkvæmdina samkvæmt ákvæðum matvælalaga nr. 93/1995.
- Leyfi Fiskistofu vegna framkvæmda í eða við veiðivatn samkvæmt 33. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði m.s.br.
- Ef raska þarf fornminjum þarf að afla leyfis Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Þar sem veglína skarast við helgunarsvæði háspennulínu þarf náíð samráð við viðkomandi raforkuflutningsaðila um útfærslur. Ekki má hefja vinnu innan helgunarsvæðis háspennuvirkis í rekstri nema fyrir liggja heimild frá viðkomandi raforkuflutningsaðila.

Vegagerðin mun afla allra nauðsynlegra leyfa og framkvæmdir hefjast þegar öll tilskilin leyfi liggja fyrir.

## 2 Staðhættir á framkvæmdasvæði

### 2.1 Staðhættir

Sveitarfélagið Dalabyggð nær frá botni Álftafjarðar á Skógarströnd í suðri og að Gilsfjarðarbotni í norðri. Um er að ræða stórt og dreifbýlt sveitarfélag þar sem helstu atvinnuvegir eru landbúnaður, ferðaþjónusta, úrvinnsla landbúnaðarafurða og tengd þjónusta, ásamt stoðþjónustu við íbúa.

Eini þéttbýliskjarninn í sveitarfélaginu er Búðardalur og þar búa um 40% íbúa.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði Klofningsvegur liggur um Hvammssveit í Hvammsfirði. Utan við Hvammssveit tekur við Fellsströnd og norðan Klofningsskarðs tekur Skarðsströnd við.

Í mynni Hvammsfjarðar eru fjölmargar eyjar, eyjaklasar og sker.

Laugar í Sælingsdal eru skammt norðan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Þar er starfrækt ferðaþjónusta yfir sumartímam með gistingu, mat, sundlaug og heitum pottum.

Hvammssveit liggur um landbúnaðarland þar sem er stundaður hefðbundinn landbúnaður. Meðfram Klofningsvegi eru ýmist tún eða beitolönd.

Tvær ár eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Annars vegar Laxá sem er austan við Hóla og rennur til sjávar í botni Hvammsfjarðar, hins vegar Hvammsá sem rennur til sjávar milli Skerðingsstaða og Hofakurs.

Pegar ekið er inn á Klofningsveg, frá Vestfjarðavegi, er útskot á hægri hönd með upplýsingaskilti sem á stendur „Velkomin á söguslóðir“, mynd 2.2.

Á skiltinu eru upplýsingar fyrir ferðalanga um sögufræga staði í Hvammssveit, Fellsströnd og Skarðsströnd, m.a. Hvamm og Krosshólaborg í Hvammssveit.



↑ Mynd 2.1.

Byggðastofnun. Brotahættar byggðir – Dalabyggð.



↑ Mynd 2.2.

Velkomin á söguslóðir. Mynd af upplýsingaskilti á Klofningsvegi við Vestfjarðaveg.

Sagt er að Auður djúpúðga Ketilsdóttir hafi numið allt land meðfram Hvammsfirði og búið í Hvammi. Hún var kristin og hafi farið að Krosshólaborg til bænahalds og hafi verið mikill átrúnaður á klettaborginni.


Árið 1965 létu kvenfélagskonur í Dölum reisa minnisvarða um Auði, kross sem blasir við þegar ekið er eftir Klofningsvegi, sjá mynd 2.3.

Í landi Hóla er dýragarður sem er opinn yfir sumartímann.

Í landi Skerðingsstaða er fjárrétt neðan núverandi vegar; Skerðingsstaðarétt.

Hvammur er kirkjustaður og er bærinn fornt höfðingjasetur og þekkt landnámsjörð.

Krosshólaborg í Dölum er neðan Klofningsvegar í landi Skerðingsstaða. Þar er áningarstaður með bílastæðum, söguskilti, borði og bekkjum. Hægt er að ganga upp á borgina og þaðan er gott útsýni, sjá mynd 2.3.



↑ **Mynd 2.3.**

Krosshólaborg. Þar er áningarstaður. Krossinn uppi á borginni er minnisvarði um Auði djúpúðgu (Vegagerðin, 2022).

## 2.2 Núverandi vegur

Núverandi Klofningsvegur (590) er alls um 83 km langur og skiptist í 7 vegkafla, sjá töflu 2.1. Hann liggur til vesturs í hálfhring út frá Vestfjarðavegi (60) milli Leysingjastaða og Ásgarðshóla, um Hvammssveit og Fellsströnd í Hvammsfirði. Þaðan liggur hann um Klofningsskarð til norðurs og norðaustur yfir á Skarðsströndina og aftur inn á Vestfjarðaveg (60) við Skriðuland.

↓ **Tafla 2.1.**

Vegkaflar Klofningsvegar í Dalabyggð (Heimild: Veggagnagrunnur Vegagerðarinnar).

Vegnr	Kaflí	Heiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	lengd	Vegfl.
590	01	Klofningsvegur	Vestfjarðavegur (60-08)	Hafnará	11,26	Tengivegur
590	02		Hafnará	Orrahólsvegur (593-01)	10,55	
590	03		Orrahólsvegur (593-01)	Stóru-Tunguvegur (5917-01)	14,62	
590	04		Stóru-Tunguvegur (5917-01)	Ballará	11,22	
590	05		Ballará	Skarð	8,98	
590	06		Skarð	Fagridalur ytri	13,85	
590	07		Fagridalur ytri	Vestfjarðavegur (60-10)	12,81	

Sá kafli núverandi Klofningsvegur sem fyrirhugað er að endurbyggja er um 8,3 km langur og liggur frá Vestfjarðavegi að heimreið að Kýrunnarstöðum í Hvammssveit.



↑ **Mynd 2.4.**  
Núverandi vegur norðan Krosshólaborgar (Vegagerðin, 2022).



↑ **Mynd 2.5.**  
Horft til norðausturs yfir sveitina frá Krosshólaborg (Vegagerðin, 2022).

Samkvæmt vegaskrá Vegagerðarinnar flokkast vegurinn á umræddum kafla sem tengivegur af vegtegund C<sub>7</sub> sem er 7 m breiður vegur með slitlagi. Hann er þó víðast hvar fremur mjór malarvegur, um 5,5 m breiður og með hæðarlegu sem uppfyllir ekki kröfur í hönnunarstöðlum Vegagerðarinnar.

Hámarkshraði á veginum er 80 km/klst. en umferðamerki um leiðbeinandi 60 km/klst. hámarkshraða eru á nokkrum stöðum vegna blindhæða og stuttra sjónlengda, m.a. við Skerðingsstaði, beggja vegna einbreiðrar brúar á Hvammsá og við Hofakur, sjá mynd 2.6.



↑ **Mynd 2.6.**  
Varhugaverðir staðir á núverandi Klofningsvegi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Víða eru tengingar á núverandi vegi. Tengingar að býlum má sjá í töflu 2.2.

↓ **Tafla 2.2.**

Tengingar Klofningsvegur að býlum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði (Heimild: Veggagnagrunnur Vegagerðarinnar)

Stöð	Vegur		Hægra/vinstra megin vegar
1216	Hólavegur (5883).		H
3247	Skerðingsstaðavegur (5884)		H
3765	Hvammskirkjuvegur (5886)	T-vegamót	H
4748	Hofakur, heimreið		H
7409	Skarfsstaðir, heimreið		H

Auk ofangreindra tenginga eru a.m.k. 17 aðrar tengingar. M.a. inn á tún, að slóðum að og meðfram Laxá og Hvammsá, að námum í landi Hóla og Skarfsstaða, að áningarstað við Krosshólaborg og aðra vegslóða.

Ristarhlið er í stöð 30.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru tvær brýr, þ.e. yfir Laxá og Hvammsá. Þær eru báðar einbreiðar.

- **Brú á Laxá** er staðsett neðan Hóla í stöð 1071. Brúin er 27 m löng og 3,4 m breið steipt bitabru með timburgólfi, byggð árið 1943, sjá mynd 2.7.
- **Brú á Hvammsá** er 14 m löng og 3,2 m breið steipt bitabru, byggð árið 1960, sjá mynd 2.8.



↑ **Mynd 2.7.**  
Núverandi brú á Laxá. Horft til vesturs.



↑ **Mynd 2.8.**  
Núverandi brú á Hvammsá. Horft til norðvesturs.



## 2.3 Samgöngur, umferðaröryggi og mengun

Fremur lítil umferð er á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í töflu 2.3. má sjá meðaltalsumferð á vegkaflanum milli árunna 2018-2022. Lítil breyting er á umferðartölum á þessu tímabili. Upplýsingar um greiningu og flokkun umferðar eru fengnar hjá Umferðadeild Vegagerðarinnar.

### ↓ Tafla 2.3.

Samanburður á umferðartölum milli árunna 2018 - 2022 á Klofningsvegi.

Ár	Ársdagsumferð <sup>4</sup>	Sumardagsumferð <sup>5</sup>	Vetrardagsumferð <sup>6</sup>
2018	75	112	47
2019	76	116	45
2020	65	110	35
2021	70	110	40
2022	72	113	42

Samkvæmt upplýsingum úr vefsíðu Vegagerðarinnar er eitt slys skráð á vegkaflanum á árunum 2018-2022. Á mynd 2.9. sést staðsetning slyssins og flokkun þess. Um er að ræða slys á einbreiðri brú yfir Laxá. Slysið varð um miðjan dag þann 23.12.21 og olli miklum meiðslum. Ekki eru önnur slys skráð á kaflanum á umræddu tímabili.

Samkvæmt landeigendum á svæðinu hafa orðið óhöpp á veginum þó þau hafi ekki verið skráð opinberlega. Meðal annars á hæðinni við heimreið að Skerðingsstöðum þar sem bifreið fór út af veginum, en án meiðsla á farþegum.

Starfsmenn á þjónustudeild Vegagerðarinnar segja Skerðingsstaðabrekkuna varasama í vetrarfærð. Það á einnig við um beygjur við Hofakur og brekku sunnan Hofakurs.

Á þessum stöðum verður ráðist í lagfæringar á hæðarlegu vegarins sem mun auka umferðaröryggi og auðvelda vetrarþjónustu.

Engin íbúðarhús á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru það nálægt veginum að truflun sé af hljóð- og/eða loftmengun.



### ↑ Mynd 2.9.

Slys á núverandi vegi á árunum 2017-2021 (Veggagnabanki Vegagerðarinnar 2022).

<sup>4</sup> Ársdagsumferð er meðalumferð á dag yfir árið

<sup>5</sup> Sumardagsumferð er meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september

<sup>6</sup> Vetrardagsumferð er meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember

## 3 Kostir og framkvæmdalýsing

### 3.1 Kostir

Um er að ræða endurbyggingu á núverandi vegi og ekki um aðra kosti að ræða.

### 3.2 Framkvæmdalýsing

#### 3.2.1 Nýr vegur

**Klofningsvegur (590)** verður endurbyggður á rúmlega 8,3 km löngum kafla.


Vegurinn verður hannaður samkvæmt staðli fyrir skert C<sub>7</sub> snið, sem er 6,5 m breiður vegur með 6,0 m breiðri akbraut og 0,25 m breiðum öxlum. Klæðing verður 6,3 m breið.

Uppbygging vegarins og burðarþol miðast við  $\geq 90$  km/klst og 10,0 t (11,5 t á driföxul).

Hæðarlega vegarins verður löguð og blindhæðir lagfærðar.

Halli í vegköntum í fyllingum (vegflái) verður yfirleitt 1:3. Til að draga úr slyshættu er gert ráð fyrir öryggissvæði meðfram veginum.

Á mynd 3.1. er sýndur frágangur á vegi samkvæmt staðli fyrir skerta vegtegund C<sub>7</sub>.



#### ↑ Mynd 3.1.

Tengsl veghæðar, breiddar vegfláa og breiddar öryggissvæðis á skertum C<sub>7</sub> m breiðum vegi (VBV Verkfræðistofa Bjarna Viðarssonar).

Til að draga úr slyshættu er gert ráð fyrir öryggissvæði meðfram veginum. Þar sem ekki er unnt að uppfylla kröfur um öryggissvæði og fláa verður komið fyrir vegriðum.

Vegurinn verður alls staðar á núverandi vegi þannig að undirstaðan er þétt og þurr. Hvergi gert ráð fyrir sigi vegfyllingar.

Vegtengingar, s.s. að býlum, slóðum og túnum verða aðlagðar nýrri hæðarlegu endurbyggðs vegar.

Nýtt bílastæði verður gert við Krosshólaborg, neðan vegarins. Á meðfylgjandi teikningum er það sýnt við stöð 2510-2530 en mögulega verður það fært í stöð 2300.

Brýr á Laxá og Hvammsá verða ekki endurnýjaðar en vegrið þeirra verða endurnýjuð og lengd um 70 m beggja vegna.

### 3.2.2 Efnisþörf

Áætluð efnisþörf framkvæmdarinnar er um **123 þús. m<sup>3</sup>**, sjá töflu 3.1.

↓ **Tafla 3.1.** Áætluð efnisþörf fyrirhugaðrar framkvæmdar

	Magn í m <sup>3</sup>
Klæðing	2.000
Burðarlag	12.000
Styrktarlag	31.000
Fyllingar	50.000
Fláafleygar	28.000
<b>Samtals</b>	<b>123.000</b>

Útfærslu á efnistöku er ekki lokið en gert er ráð fyrir að stærstur hluti efnis muni fást úr hönnuðum skeringum á framkvæmdasvæðinu auk einnar útvíkkaðrar skeringar, **samtals: 113.000 m<sup>3</sup>**. Það sem upp á vantar, **samtals: 20-30 þús. m<sup>3</sup>** verður sótt úr námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Tvö efnistökusvæði hafa verið afmörkuð gróflega í samráði við landeigendur, sjá teikningar 3-4. Annars vegar svæði á áreyrum Laxár, hins vegar svæði á áreyrum Hvammsár. Um fyrstu drög er að ræða en ekki endanlega útfærslu svæðanna.

### 3.2.3 Efnistaka

Efni úr hönnuðum skeringum, tæplega 100.000 m<sup>3</sup>, verður nýtt í fyllingar, fláafleyga og styrktarlag. Stærstu skeringarnar verða milli stöðvar 2170-2600, 2960-3330 og 5250-5440. Efni í burðarlag og klæðingu, um 13.000 m<sup>3</sup>, fæst úr útvíkkaðri skeringu milli stöðva 4820-4960. Um 20.000-30.000 m<sup>3</sup> af efni sem vantar í styrktarlag, verður sótt úr malareyrum Laxár og/eða Hvammsár. Að svo stöddu hefur efnisnám úr áreyrum Laxár/Hvammsár ekki verið nákvæmleg skilgreint. Niðurstöður rannsókna, yfirstandandi samráð og leiðbeiningar Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun mun leiða til endanlegrar ákvörðunar um tilhögun efnistöku.

↓ **Tafla 3.2.** Áætluð efnistaka fyrirhugaðrar framkvæmdar. Fyrirvari er settur á efnistöku úr Laxá og Hvammsá.

	Klæðing (m <sup>3</sup> )	Burðarlag (m <sup>3</sup> )	Styrktarlag (m <sup>3</sup> )	Fyllingar (m <sup>3</sup> )	Fláafleygar (m <sup>3</sup> )	Samtals (m <sup>3</sup> )
Hannaðar skeringar			10.000	50.000	28.000	<b>88.000</b>
Útvíkkuð skering	2000	12.000				<b>14.000</b>
Náma við Laxá			11.000			<b>11.000</b>
Náma við Hvammsá			10.000			<b>10.000</b>
<b>Samtals (m<sup>3</sup>):</b>	<b>2.000</b>	<b>12.000</b>	<b>31.000</b>	<b>50.000</b>	<b>28.000</b>	<b>123.000</b>


Samkvæmt tillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 eru tvær námur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, sjá töflu 3.3. og mynd 3.2.

↓ **Tafla 3.3.** Námur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði samkvæmt óstaðfestu Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 (Dalabyggð og Verkís, 2022).

Náma	Lýsing	Gerð	Umfang
E-43	Laxárgil í landi Hóla	Setnáma	0,5 ha/10.000 m <sup>3</sup>
E-44	Skarfsstaðir	Setnáma	1,3 ha/18.000 m <sup>3</sup>

Misræmi er í upplýsingum um staðsetningu ofangreindra náma.

Í tillögu að nýju aðalskipulagi Dalabyggðar eru námunar sýndar ofan vegarins, sjá mynd 3.2.



← **Mynd 3.2.**

Skilgreind efnistökusvæði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði samkvæmt tillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 (Aðalskipulagsuppráttur – Tillaga 2. Dalabyggð og Verkís, 2022).

Á loftmyndum (2014) frá Loftmyndum ehf eru greinilegir efnishaugar neðan núverandi vegar í grennd við farveg Laxár, sjá mynd 3.3.

Í námukerfi Vegagerðarinnar eru skilgreindir 2 efnistökuastaðir í nágrenni Laxár, annars vegar ofan vegar og norðan Laxárgils, hins vegar neðan vegar á malareyrum austan árinna, sjá mynd 3.3.



← **Mynd 3.3.**

Efnistökusvæði (merkt með appelsínugulum hringjum) við Laxá samkvæmt námukerfi Vegagerðarinnar.

## Almennt

Öllum lífrænum jarðvegi sem finnst á yfirborði náma og skeringa verður ýtt í haug áður en efnistaka hefst og hann geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur.

Við frágang verður flutt til efni í jöðrum náma og skeringa til að aðlaga þær sem best að landinu í kring.

Efnistaka og frágangur náma mun fara fram í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

Ef óvæntar fornleifar finnast við endanlega skilgreiningu þeirra verður haft samráð við Minjavörð Vesturlands varðandi aðgerðir í samræmi við 23. og 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

### 3.2.4 Ræsi

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Klofningsveggar eru 28 ræsi í núverandi vegi og eitt ræsi að heimreið við Skerðingsstaði.

Ræsaönnun hefur ekki farið fram en ræsi verða staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vorinu og þegar úrkoma er mikil. Ræsum verður ennfremur komið fyrir þar sem hætta er á að vatn geti safnast fyrir við veginn.

Við ákvörðun á vatnsopum nýrra ræsa verður tekið mið af vatnsopum á núverandi vegi.

## 3.3 Frágangur

Vanda þarf allan frágang þeirra svæða sem raskað verður vegna framkvæmdarinnar. Frágangur mun fara fram eftir verklagsreglum Vegagerðarinnar.

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og náma.

Við framkvæmdir verður reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Skeringar og námur verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.

Frágangi á vegskeringum og námum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Röskuð svæði verða mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis.

Brúnir efnistökusvæða og skeringa verða aðlagaðar að landinu í kring. Við frágang verður þess gætt að ekki myndist vatnsuppistöður í skeringum eða námum.

Ef lífrænn jarðvegur finnst í yfirborði skeringa eða náma verður honum ýtt til hliðar áður en efnistaka hefst og hann geymdur til síðari nota.

Í lok framkvæmda verður mannvirkið aðlagað landinu umhverfis og lífrænum jarðvegi jafnað yfir.

Til þess að forðast að brjóta upp landslagsheildir verður almennt ekki ráðist í uppgræðslu á skeringum eða námusvæðum ef landið í kring er ógróið eða þar sem æskilegt er að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða.

Allur frágangur verður í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

### 3.4 Vinnubúðir og aðstaða verktaka

Ekki liggur fyrir hvar vinnubúðir verða staðsettar en verktaki mun setja upp vinnubúðir í samráði við landeigendur og með heimild Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Dalabyggðar. Í útboðsgögnum verður krafist að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

Vinnubúðir og vinnuaðstaða munu standa á meðan framkvæmdir standa yfir en verða fjarlægð að framkvæmdum loknum. Gengið verður vel frá svæðunum, svo að ummerki um framkvæmdir hverfi fljótt.

### 3.5 Mannaflapörf

Vegna umfangs verksins má reikna með að nokkur fjöldi starfa skapist á framkvæmdartíma. Reikna má með um 20 störfum í um 12-15 mánuði vegna vegavinnu.

### 3.6 Lagnir

Upplýsingar um lagnir Rarik, Mílu og Landsnets liggja fyrir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Eftirfarandi upplýsingar um lagnir liggja fyrir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði:

- Geiradalslína 1, sem er 132 kV loftlína í eigu Landsnets þverar núverandi veg milli stöðva 160-180.
- Lína 321204, sem er 11 kV loftlína í eigu Rarik þverar núverandi veg í grennd við stöð 970.
- 19 kV jarðstrengur í eigu Rarik liggur ofan vegarins á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en þverar veginn tvisvar sinnum við Hofakur, þ.e. í grennd við stöðvar 4850 og 5400 þar sem hann liggur neðan núverandi vegar á því bili.
- Lagnir frá Mílu liggja allsstaðar ofan vegar nema á kafla, milli Hvamms og Hofakurs, þar sem þær liggja neðan vegarins. Lagnir Mílu þvera veginn á fjórum stöðum, þ.e. í stöð 60, stöð 3780 við heimreið að Hvammi, stöð 4850 við heimreið að Hofakri og í stöð 5285.

Aflað verður upplýsinga um allar jarðlagnir á svæðinu áður en framkvæmdir hefjast.

### 3.7 Framkvæmdatími og kostnaður

Áætlað er að hefja fyrirhugaðar framkvæmdir sumarið 2023, þegar öll tilskilin leyfi liggja fyrir. Verklok eru áætluð ári síðar eða haustið 2024.

Endurbygging vegarins verður fjármögnuð úr tengivegasjóði og er heildarkostnaður áætlaður 530 milljónir kr.

### 3.8 Rekstur

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins sem felst m.a. í viðhaldi og þar með talið snjómokstri. Þegar umferð hefur verið hleypt á veginn hefur reksturinn áhrif á öryggi samgangna.

Veturinn 2022-2023 hefur verið miðað við að Klofningsvegur sé þjónustaður 2x í viku en heimild er til að þjónusta hann allt að 5x í viku, ef aðstæður krefjast þess. Um helmingamokstur er að ræða sem skiptist á milli Vegagerðarinnar og Dalabyggðar.

Gert er ráð fyrir að engar breytingar verði á rekstri vegarins eftir að vegaframkvæmdum lýkur. Viðhald og rekstur á nýjum vegi mun fylgja þeim viðmiðunar- og vinnureglum sem almennt eru viðhafðar á vegakerfinu og byggjast m.a. á vegflokkum, umferð o.þ.h.

Innviðaráðuneytið (innviðaráðherra) ákvarðar snjómokstursreglur.

## 4 Umhverfis- og framkvæmdaþættir

---

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

### 4.1 Þættir sem líklega valda umhverfisáhrifum

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

#### 4.1.1 Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Helstu áhrif við endurbætur á Klofningsvegi felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hættu á mengunarslysum, hávaða, ryk- og útblástursmengun.

Endurbyggður vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Á rekstartíma geta bættar samgöngur haft margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

#### 4.1.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnisþörf framkvæmdarinnar og frágangi skeringa/náma að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnisþörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vegarins þarf efni í klæðingu, styrktarlag, burðarlag, fyllingar og fláafleyga. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Einnig breytist landslagið.

### 4.2 Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum

Vegagerðin hefur metið hvort líklegt sé að fyrirhuguð framkvæmd hafi veruleg áhrif á umhverfið. Þeir umhverfisþættir sem framkvæmdin getur haft áhrif á eru:

- |                                     |                   |
|-------------------------------------|-------------------|
| → Mannlíf, útivist og ferðaþjónusta | → Jarðmyndanir    |
| → Landnotkun                        | → Gróðurfar       |
| → Heilsa og öryggi                  | → Lífríki Laxár   |
| → Verndarsvæði                      | → Dýralíf         |
| → Landslag                          | → Menningarminjar |

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur um land sem áður hefur verið raskað með mannvirkjagerð. Vegagerðin telur að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg.



## 5 Möguleg umhverfisáhrif

### 5.1 Mannlíf, útivist og ferðapjónusta

Mannlíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði einkennist af umferð íbúa í Hvammssveit auk annarra vegfarenda.

Á Leysingjastöðum er íbúðarhús nýtt sem frístundahús. Búskapur er á Ásgarði. Á Hólum er búskapur tengdur „Dýragarðinum á Hólum“. Á Skerðingsstöðum er mjólkur- og sauðfjárbú. Á Hofakri er hrossabúskapur og á Skarfsstöðum og Kýrunnarstöðum er almenn búseta.

Þá er umferð tengd veiði í Laxá.

Einhver umferð ferðafólks er einnig á veginum en samkvæmt kortasjá Ferðamálastofu eru skráðir tveir áhugaverðir viðkomustaðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þ.e. Hvammur í Dölum og Krosshólaborg, sjá mynd 5.1.

#### Áhrif á mannlíf

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast eitthvað vegna umferðar þungra vinnuvéla.

Vegfarendur og íbúar við Klofningsveg á framkvæmda-kaflanum munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð.

Á framkvæmdatíma skapast nokkur störf á svæðinu.

Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf vegna öruggari og betri samgangna.



↑ **Mynd 5.1.**

Áhugaverðir ferðamannastaðir í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði (Ferðamálastofa, kortasjá).

## 5.2 Landnotkun

Fyrirhugað framkvæmdasvæði Klofningsvegur liggur um lönd Ásgarðs, Leysingjastaða, Hóla, Skerðingsstaða, Hofakurs, Skarfsstaða og Kýrunnarstaða. Á jörðunum er ýmist almenn búseta eða stundaður hefðbundinn búskapur. Meðfram veginum eru ýmist tún eða beitolönd.

Á Hólum er starfræktur dýragarður yfir sumartímann. Skipulagsákvæði svæðisins eru eftirfarandi:

*„Svæði fyrir móttöku og afþreyingu ferðamanna. Svigrúm til frekari uppbyggingar dýragarðs ásamt söluskála og þjónustuhúsi.“<sup>7</sup>*

Frístundahúsabyggð er skilgreind neðan vegar í landi Skerðingsstaða milli stöðva 3220-3430.

Tvö grannsvæði vatnsverndar eru í grennd við veginn; VG-4 Laugar og VG-19 Breiðabólstaðafjall. Jaðar vatnsverndarsvæðanna liggur ofan núverandi vegar og utan veghelgunarsvæðis hans, sjá kafla 1.7.

Samkvæmt tillögu að nýju aðalskipulagi Dalabyggðar eru gönguleiðir á svæðinu, bæði ofan og neðan vegar, sjá teikningar 3 og 4. Gönguleið liggur frá Sælingsdal og þverar veginn skammt austan Laxár og liggur meðfram Laxá til sjávar. Við ósa Laxár liggur hún annars vegar til austur eftir Hvammsfjarðarbotni, hins vegar að Skerðingsstöðum þar sem hún liggur upp fjallahálsinn.

Þá er reiðleið sem liggur einnig frá Sælingsdal og meðfram veginum út fjörðinn. Skammt utan við Hofakur liggur reiðleið á grunnsævi yfir Hvammsfjörðinn.

Tvö námusvæði eru skilgreind í tillögu að nýju aðalskipulagi, E-43 við Laxá og E-44 við Skerðingsstaði.

Áningarstaður er við Krosshólaborg

Ýmsar lagnir liggja um svæðið, sjá kafla 3.6.

Veiði er í Laxá og hefur veiðiklúbburinn Laxmenn umsjón með henni. Áin er ekki opin fyrir almenning.

Samráð hefur verið haft við landeigendur, auk fulltrúa Dalabyggðar vegna hönnunar framkvæmdarinnar og efnistöku.

Mótun landsins mun fara fram í samráði við landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

### Áhrif á landnotkun

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem hún liggur um. Hvergi verða tún eða beitolönd skert.

Samráð verður við Mílu, Rarik og Orkubú Vestfjarða vegna lagna á svæðinu.

## 5.3 Heilsa og öryggi

Í kafla 2.3. er fjallað um núverandi samgöngur, umferðaröryggi og mengun.

Fram kemur að engin íbúðarhús séu það nálægt veginum að truflun sé af loft- eða hljóðmengun.

<sup>7</sup> Dalabyggð og Verkís, 2022

### **Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi**

Umferð um svæðið mun raskast lítilsháttar og tímabundið meðan á framkvæmdum stendur. Þá gætu efnisflutningar úr námum haft áhrif á umferð.

Jákvæð umhverfisáhrif að loknum framkvæmdum eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þegar lagður hefur verið öruggari og betri vegur með klæðingu, í stað núverandi malarvegur.

### **Áhrif á mengun**

Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar vinnuvéla. Að framkvæmdum loknum minnkar loftmengun miðað við núverandi ástand vegna betri vegar og klæðingar.

Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hætta minni en í dag vegna öruggari vegar.

## **5.4 Verndarsvæði**

Umfjöllun um verndarsvæði er í kafla 1.7.

### **Áhrif framkvæmdarinnar á verndarsvæði**

Endurbygging Klofningsvegur mun liggja utan við ofangreint hverfisverndarsvæði og ekki hafa nein áhrif á það.

Framkvæmdin liggur allstaðar utan við vatnsverndarsvæðin og því er gert ráð fyrir að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á þau. Öll umgengni á framkvæmdasvæðinu verður í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

Friðlýstar minjar í landi Skerðingsstaða og Hvamms liggja langt utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og verða ekki fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd.

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er fyrirhuguð framkvæmd meðfram tveimur votlendissvæðum sem eru vernduð samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Votlendissvæðið í landi Skerðingsstaða liggur skammt ofan vegarins og utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Votlendissvæðið við Skarfsstaði liggur beggja vegna vegarins, þó það fjarri veginum, ofan hans, að það verður ekki fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd. Votlendissvæðið neðan vegarins liggur fast við veginn en á því svæði verður framkvæmdin alls staðar innan veghelgunarsvæðis vegarins. Þess má geta að báðum umræddum votlendissvæðum hefur þegar verið raskað með mannvirkjagerð, s.s. vegagerð, vegslóðum og girðingum, auk beitar. Ekki er talið að endurbygging Klofningsvegur raski frekar votlendi, utan þess svæðis sem áður hefur verið raskað við vegagerð, aðrar framkvæmdir eða nýtingu á svæðinu.

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á verndarsvæði.

## **5.5 Landslag og ásýnd**

Landslagið í norðanverðum Hvammsfirði er stórbrotið og einkennist af landmótun jökla. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði einkennist landslagið af flatlendi, lágum heiðum og dölum. Frá núverandi vegi er víða fagurt útsýni, yfir og út fjörðinn.

### **Áhrif á landslag**

Landslaginu á framkvæmdasvæðinu hefur þegar verið raskað með mannvirkjagerð, ræktun, beit, efnistöku og slóðum.

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landslag og ásýnd, enda um að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Endurbyggður vegur verður þó breiðari en núverandi vegur með meira aflíðandi fláum. Þá verður hann lagður á hærri fyllingum og í dýpri skeringum en núverandi vegur til þess að hann verði jafnari í landinu.

Ásýnd þeirra sem leið eiga um veginn mun þó ekki breytast mikið fyrir utan það að vegurinn fer úr því að vera malarvegur í að vera lagður bundnu slitlagi.

## 5.6 Jarðmyndanir og vatnafar

Hraunlagastafllinn við Klofningsveg í Hvammssveit er myndaður í fornu gos- og rekbelti Snæfellsness. Það lá eftir Snæfellsnesi og út í Húnaflóa og varð að mestu óvirkt fyrir um 6,5 milljón árum.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði tilheyrir berggrunnurinn tertíermynduninni (ár- og mið-míósen) og er á bilinu 3,3-8,5 milljón ára gamall. Vegna nálægðar við forna megineldstöð sem kennd er við Sælingsdal, þá er súrt gosberg áberandi í berggrunninum, í bland við mispykk basísk og ísúr hraun. Milli hraunlaga eru oft rauð millilög.

Jarðlagahallinn er suðaustlægur og hallar lögunum almennt 2-4° á þessu svæði, hins vegar er hann þó nokkuð óreglulegur víða í grennd við hina fornu megineldstöð.

Hvammssveitin er mótuð af jöklum ísaldar og er svæðið jökulsorfið, en einnig hefur ísaldarjökullinn skilið eftir sig jökulruðning. Þá eru áberandi ummerki um hærri sjávarstöðu í lok síðasta jökulsskeiðs í um 45-65 m h.y.s., t.d. við Krosshólaborg þar sem ummerki eru um að Krosshólaborgin hafi verið landfastur hólmi í lok síðasta jökulsskeiðs.

Enginn jarðhiti er á svæðinu, en jarðhiti er í Sælingsdal og boraðar hafa verið hitastigulsholur nokkuð vestan við svæðið þegar komið er nær Fellströnd, t.d. við Breiðabólstað.

### Áhrif á jarðmyndanir og vatnafar

Áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir á svæðinu eru lítil þar sem framkvæmdin er að mestu á núverandi vegi. Framkvæmdin er auk þess utan við friðlýst svæði og náttúruminjar.


Jarðmyndanir eru aðallega klappir, jökulruðningur og ummerki hærri sjávarstöðu. Þær jarðmyndanir eru algengar á landsvísu og á Vesturlandi og því er verndargildi þeirra talið vera lágt.

Áhrif á vatn eru lítil en áfram verður notast við núverandi brýr yfir Laxá og Hvammsá.

## 5.7 Gróðurfar

Land er almennt vel gróið í nágrenni Klofningsvegur í Hvammssveit. Tún og beitolönd eru meðfram núverandi vegi.

Samkvæmt kortavefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://vistgerdakort.ni.is/>) eru a.m.k. 11 vistgerðir í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sem eru listaðar upp á mynd 5.2.



↑ Mynd 5.2.

Vistgerðakort. Klofningsvegur er sýndur með rauðleitri línu

(Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022. Kortasjá (<https://vistgerdakort.ni.is/>)).

Á tveimur stöðum eru votlendi sem eru stærri en 2 ha og njóta verndar náttúruverndarlaga, sjá nánar á mynd 1.4. á bls. 11.

### Áhrif á gróðurfar

Um er að ræða endurbýggingu núverandi vegar og hvergi um nýtt vegstæði að ræða. Endurbýggður vegur verður þó hærri og breiðari en núverandi vegur en framkvæmdasvæðið mun þó að mestu afmarkast innan veghelgunarsvæðisins, nema á nokkrum stuttum köflum vegna skeringa og efnistöku.

Þar sem svæðinu hefur áður verið raskað með vegagerð, slóðum, túnrækt, skurðum og girðingum, telur Vegagerðin að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á gróður á framkvæmdasvæðinu.

Uppgræðsla verður í samráði við Landgræðsluna, Umhverfisstofnun og landeigendur.

## 5.8 Dýralíf

Ekki hefur verið kannað hvort sjaldgæfa fugla eða önnur dýr er að finna á eða í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Í nágrenni framkvæmdasvæðisins er friðlýst svæði Breiðafjarðar. Í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019, bls 10 kemur fram:

*„Breiðafjörður er einkum þekktur fyrir auðugt lífríki, sér í lagi fuglalíf. Sjófuglar eru einkennisfuglar svæðisins og er stór hluti landsstofns sumra tegunda við Breiðafjörð. Sem dæmi má nefna að þar verpa um 75% íslenskra dilaskarfa og 80% toppskarfa. Þá fara um Breiðafjörð í hundruðum þúsunda fargestir vor og haust á leið til hánorrænna varpstöðva sinna á Grænlandi og í Kanada á vorin og til vetrarstöðva í V-Evrópu á haustin.”*

Hafin er vinna við gerð nýrrar verndaráætlunar fyrir verndarsvæði Breiðarfjarðar.

### **Áhrif á dýralíf**

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur.

Gert er ráð fyrir að áhrifin verði óveruleg, því um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar.

## **5.9 Laxfiskar og veiði**

Laxá og Hvammsá eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Á vefsíðunni Veiðiheimar er Laxá lýst sem lítilli dragá á í Dölunum sem fellur til sjávar í Hvammsfjarðarbotni. Áin er mynduð af fjölmörgum ám og lækjum, en stærstar þeirra eru Sælingsdalsá og Svinadalsá. Lax getur gengið um 7 km leið í Sælingsdalsá.

Samkvæmt loftmyndum eru efnishaugar á vesturbakka Laxár neðan núverandi vegar.

Veiðiklúbburinn Laxmenn hefur umsjón með ánni en veiðileyfi eru ekki í boði fyrir almenning.<sup>8</sup>

Hvammsá í Dölum er dragá og er vatnasviðið 40 km<sup>2</sup>. Heildarlengd árinna er um 10 km. Einhver veiði er í Hvammsá en ekki seld veiðileyfi í hana.

Ekki stendur til að byggja nýjar brýr yfir Laxá og Hvammsá en vegrið brúnna verða lengd beggja vegna.

Fyrirhuguð er efnistaka úr áreyrum ánnna en hún hefur ekki verið nákvæmlega skilgreind. Samráð verður við Hafrannsóknastofnun vegna hennar.

### **Áhrif á laxfiska og veiði**

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á laxfiska og veiði meðan á framkvæmdum stendur vegna hávaða og umferðar vinnuvéla.

Framkvæmdasvæðið verður takmarkað eins og kostur er. Vegriðsendar beggja brúnna verða lengdir.

Þess verður gætt að ekki berist mengandi efni í vatnið. Reglubundið eftirlit verður með áhöldum og vélum sem notuð verða þannig að tryggt sé að óæskileg mengandi efni þ.m.t. olíur berist ekki í árvatnið.

Ef af efnistöku úr malareyrum Laxár og Hvammsár verður, verður þess gætt að áin breyti ekki um farveg að efnistöku lokinni og verður það útfært í samráði við Hafrannsóknastofnun og hagsmunaaðila.

Sótt verður um framkvæmdaleyfi til Fiskistofu sbr. 33 grein V. kafla laga um lax- og silungsveiði (nr. 61/2006 með síðari breytingum).

---

<sup>8</sup> [www.veidiheimar.is](http://www.veidiheimar.is)

## 5.10 Fornleifar

Friðlýstar fornminjar eru í landi Skerðingsstaða (**MV-22**) og við Hvamm (**MV-20**) og eru svæðin skilgreind með skástrikuðum hringjum á aðalskipulagsuppdraetti, sjá myndir 1.1. og 1.3. og meðfylgjandi teikningar.

Lýsing minjasvæðis í landi Skerðingsstaða (MV-22) er eftirfarandi í aðalskipulagi:

*„Auðarnaust, er svo heitir, leifar af tóft á sjávarbakknum, austanmegin við útfall Hvammsár. e. Auðartóftir, svo nefndar, hjer um bil 13 faðma upp og vestur frá naustinu. (Upprunaleg friðlýsingarskjöl eru glötuð og er friðlýsingartexti samhljóða liðum d og e fyrir Hvamm).“*

Lýsing minjasvæðis í landi Hvamms (MV-20) er eftirfarandi:

*„Forn, aflangur hringur suðvestur á túninu, nefndur ”Lögrjéttu”. b. Virkisbali, svo nefndur, nál. ferhyrnt mannvirki í túninu fyrir ofan og vestan bæinn. c. Rústabunga forn, suður og niður undir túngarði. d. Auðarnaust, er svo heitir, leifar af tóft á sjávarbakknum austanmegin við útfall Hvammsár. e. Auðartóftir, svo nefndar, hjer um bil 13 faðma upp og vestur frá naustinu. Þinglýst 1931. Hvammskirkja. Timburhús byggt árin 1883-1884. Friðuð 1. jan. 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989“*

Vegagerðin óskaði eftir umsögn Minjavarðar Vesturlands, Magnúsar A Sigurðssonar varðandi fornminjar á svæðinu, sjá fylgiskjal 1. Engar þekktar fornminjar eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en í næsta nágrenni þess, í landi Skarfsstaða, er fornt gerði, sjá mynd 5.3.



↑ **Mynd 5.3.**

Fornt gerði í landi Skarfsstaða fyrir miðri mynd (Magnús A. Sigurðsson, 2022).

Fyrirhugaðar framkvæmdir ná inn fyrir friðhelgunarsvæði gerðisins en Minjastofnun heimilar að framkvæmdir fari inn fyrir friðhelgunarsvæði þeirra með því skilyrði að tekið sé fullt tillit til þeirra við framkvæmdir, þær séu merktar á áberandi hátt (t.d. með gulum veifum) og að verktökum sé gert viðvart um þær svo þær verði ekki fyrir raski af vangá.

### **Áhrif á fornleifar**

Vegagerðin mun fara að tilmælum Minjastofnunar um aðgerðir til að koma í veg fyrir að fornleifar raskist. Gerðið verður merkt á áberandi hátt og kynnt í útboðsgögnum til að koma í veg fyrir að það raskist af vangá.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan skilgreinds framkvæmdasvæðis.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi aðgerðir í samræmi við 23. og 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

## **5.11 Veður og náttúruvá**

Í tillögu að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins kemur fram að veðurathuganir eru gerðar í Ásgarði, skammt frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Norðan og norðnorðaustanáttir eru algengustu vindáttirnar á svæðinu og jafnframt algengustu hvassviðrisáttirnar. Meðaltalsúrkomu á svæðinu er lág, sem skýrist af vari svæðisins fyrir úrkomuáttum. Þá er fyrirhugað framkvæmdasvæði fremur snjólétt miðað við aðra landshluta.

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði virðist lítil náttúruvá.<sup>9</sup>

Vegagerðin hefur skráð varasama staði á vegakerfinu m.t.t. sandfoks og vindhviða.

Engin þekkt ofanflóðasvæði eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ágangur af völdum sjávar er einkum talinn vera á svæðum sem standa lágt við Hvammsfjörð.

### **Áhrif á veður og náttúruvá**

Framkvæmdin miðar að því að auka öryggi íbúa og annarra vegfarenda á svæðinu, m.a. með tilliti til veðurs og náttúruvár.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi hverfandi áhrif á veður og náttúruvá á svæðinu.

---

<sup>9</sup> Dalabyggð og Verkís, 2022.



## 6 Mótvægisáðgerðir

---

- Að loknum framkvæmdum verður fyrsti hluti Klofningsvegur í Hvammssveit orðinn uppbyggður vegur með klæðingu, góðri hæðarlegu og betri sjónlengdum.
- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist við fyrirfram skilgreint framkvæmdasvæði. Reynt verður að skerða lítt röskuð gróðurlendi sem minnst.
- Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við framkvæmdasvæðið, námuvegi og námur. Meðal annars verður allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verk tíma nema að námum. Gera má ráð fyrir að röskun á landi verði með minnsta móti, miðað við vegaf framkvæmdir almennt, þar sem um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar.
- Vegtengingar verða lagaðar að nýrri hæðarlegu vegarins. Samráð verður haft við landeigendur varðandi það land sem raskast og það bætt á viðeigandi hátt.
- Ekki er gert ráð fyrir að raska þurfi girðingum, en ef svo reynist verður girt að nýju þar sem hróflað verður við þeim.
- Fornleif í landi Skarfsstaða verður kynnt í útboðsgögnum og merkt á áberandi hátt eða girt af áður en framkvæmdir hefjast. Öll umferð vinnuvéla verður bönnuð innan þess svæðis. Þá verður ekki leyfilegt að hafa vinnuskúra og/eða efnageymslur í grennd við fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjavörð Vesturlands eða Minjastofnun Íslands varðandi áðgerðir.
- Vegriðsendar Laxár og Hvammsár verða lengdir beggja vegna til að auka öryggi vegfarenda.
- Ef af efnistöku verður í malareyrar Laxár og Hvammsár, verður þess gætt að áin breyti ekki um farveg að efnistöku lokinni.
- Reglubundið eftirlit verður með áhöldum og vélum sem notuð verða þannig að tryggt sé að óæskileg mengandi efni þ.m.t. olíur berist ekki í árvatnið eða á vatnsverndarsvæði. Umræddar kröfur verða ítrekaðar í útboðsgögnum.
- Við frágang verður stefnt að því að endurheimta staðargróður og ganga vel frá jöðrum framkvæmdasvæða með því að laga þau sem best að aðliggjandi landi til að gera sárin í landinu sem minnst áberandi. Ef lífrænt efni finnst verður því ýtt í hauga áður en framkvæmdir hefjast og því jafnað yfir við frágang, sjá kafla 3.3.
- Uppgræðsla verður í samráði við Landgræðsluna, Umhverfisstofnun og landeigendur.

## 6.1 Samráðsaðilar

Samráð stendur yfir, og verður, við eftirtalda aðila:

- **Skipulagsstofnun**, varðandi matskyldu framkvæmdarinnar
- **Umhverfisstofnun**, um efnistöku, uppgræðslu og frágang á svæðinu
- **Landgræðsluna**, um uppgræðslu og frágang á svæðinu
- **Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**, varðandi leyfi til atvinnureksturs sem getur valdið mengun
- **Minjastofnun Íslands**, vegna fornleifar á svæðinu.
- **Landsnet**, vegna framkvæmda í grennd við raflínu.
- **Orkubú Vestfjarða/Rarik**, vegna framkvæmda í grennd við raflínu og jarðstreng.
- **Mílu ehf**, vegna framkvæmda í grennd við fjarskiptalagnir á svæðinu.
- **Sveitarstjórn Dalabyggðar**, varðandi framkvæmdaleyfi.
- **Landeigendur**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu.
- **Laxmenn**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu.

## 7 Niðurstaða

---

- Við framkvæmdina verður Klofningsvegur í Hvammssveit (590) endurbyggður á rúmlega 8,3 km kafla.
- Gert er ráð fyrir að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg.
- Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, því að hún liggur um verndarsvæði, og fer yfir þau lengdarviðmið sem kveðið er á um í 1. viðauka lið 10.08.
- Svæðið hefur verið kannað með tilliti til fornminja. Þá hafa jarðtæknirannsóknir farið fram. Ekki er talin þörf á frekari rannsóknnum.
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar, svo hætta á útafakstri verður minni.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi. Með breiðari og betri vegi verður leiðin um Hvammssveit greiðfærari.
- Vegagerðin telur að viðkomandi vegaframkvæmd hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður mótvægisáðgerðum beitt og haft samráð við ýmsa aðila.

## 8 Heimildir

---

- Byggðastofnun, 2022: *Brothættar byggðir – Dalabyggð*. Heimasíða [www.byggdastofnun.is](http://www.byggdastofnun.is)
- Breiðafjarðarnefnd, 2014: *Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019*. Sótt 2. nóvember 2020 af [www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is)
- Dalabyggð og Alta, 2022: *Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032*. Greinargerð, tillaga. 5. júlí 2022.
- Hagstofa Íslands, október 2022: Heimasíða [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is). Tölur um mannfjölda á Íslandi.
- Vesturland, nóvember 2022. Heimasíða [www.west.is](http://www.west.is). Upplýsingavefur um ferðaupplýsingar og ferðaþjónustu.
- Náttúrufræðistofnun Íslands, október 2020: Heimasíða [www.ni.is](http://www.ni.is) og kortasjár
- Skessuhorn, Fréttaveita Vesturlands, 2020: *Vilja að Klofningsvegur verði tilraunaverkefni og lagður slítlagi*. Frétt þann 7. apríl 2020.
- Tómas Einarsson og Helgi Magnússon (ritstjórar), 1989: *Íslandshandbókin, náttúra, saga og sérkenni*. Örn og Örlygur.
- Umhverfisstofnun, október 2022: Heimasíða [www.ust.is](http://www.ust.is). Upplýsingar um friðlýst svæði og náttúruminjar skrá.
- Veiðiheimar – stangveiði á Íslandi, október 2022: Upplýsingavefur um Stangveiði á Íslandi. [www.veidiheimar.is](http://www.veidiheimar.is)

## 9 Teikningar

---

Teikning 1. Vegagerðin, (2022):	Afstöðumynd, mkv. 1:400.000.
Teikning 2. Vegagerðin, (2022):	Yfirlitsmynd, mkv. 1:20.000 yfirlit framkvæmdasvæðis.
Teikning 3. Vegagerðin, (2022):	Umhverfispættir, mkv. 1:20.000
Teikning 4. Vegagerðin, (2020):	Grunnmynd, mkv. 1:8.000, 3 teikningar.

## 10 Fylgiskjöl

---

**Fylgiskjal 1:** Minjastofnun Íslands, 2022. *Vegagerðin. Endurbygging á núverandi Klofningsvegi milli Vestfjarðavegar og Kýrunnarstaða, Dalabyggð.*  
Magnús A. Sigurðsson minjavörður Vesturlands, 8. nóvember 2022

# Fylgiskjal 1



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Vegagerðin  
Sóley Jónasdóttir  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

Stykkishólmur, 8. nóvember 2022  
MÍ202211-0031/ 6.10 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

## **Efni: Vegagerðin. Endurbygging á núverandi Klofningsvegi milli Vestfjarðavegar og Kýrunnarstaða, Dalabyggð.**

Með tölvubréfi dagsettu 25. október 2022 óskaði Sóley Jónasdóttir, verkefnastjóri hjá Vegagerðinni, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands vegna framkvæmda vegna endurbóta á núverandi Klofningsvegi milli Vestfjarðavegar og Kýrunnarstaða, Dalabyggð. Sama dag barst Minjastofnun hnitsetning nýrrar veglínu.

Minjavörður kannaði svæðið á vettvangi þann 7. nóvember síðastliðinn. Engar þekktar fornleifar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en fornt gerði er rétt utan við fyrirhugað framkvæmdarsvæði, rétt hægra megin við heimreiðina að Skarfsstöðum. Fyrirhugaðar framkvæmdir ná inn fyrir friðhelgunarsvæði ofangreindra minja. Minjastofnun heimilar að framkvæmdir fari inn fyrir friðhelgunarsvæði þeirra með því skilyrði að tekið sé fullt tillit til þeirra við framkvæmdir, þær séu merktar á áberandi hátt (t.d. með gulum veifum) og að verktökum sé gert viðvart um þær svo þær verði ekki fyrir raski af vangá.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við framkvæmdirnar.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda

**Magnús A Sigurðsson**  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is

# Fylgiskjal 1

frankvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

*Afrit sent í tölvupósti:*

Sóley Jónasdóttir [soley.jonasdottir@vegagerdin.is](mailto:soley.jonasdottir@vegagerdin.is)